

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að banna stöðu ökutækja í Traðarlandi í báðar akstursáttir frá Stjörnugróf að enda götunnar til vesturs.
2. Að banna stöðu ökutækja í Birtingakvísl við austurkant frá bílastæði á móti Birtingakvísl nr. 42 til norðurs að Straumi. Einnig við vesturkant Birtingakvíslar frá Straumi til suðurs að næstu vegamótum á mótis við Birtingakvísl nr. 8.
3. Að banna stöðu ökutækja við báðar akstursáttir í Skógarhlíð frá Flugvallarvegi að göngustíg sunnan Eskihlíðar 2-4.
4. Að banna stöðu ökutækja í Tryggvagötu frá vegamótum Geirsgötu, 30 m inn eftir götunni.
5. Að banna stöðu ökutækja á Miðbakka frá Suðurbugt að Geirsgötu.
6. Að banna stöðu ökutækja í Aðalstræti frá Vallarstræti, 25 m inn eftir götunni.
Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11 og undirmerki J um lengd banns, þar sem bann er skilgreint í metrum, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
7. Að hámarkshraði ökutækja verði lækkaður úr 50 km/klst. í 30 km/klst. á eftirfarandi götum:
Kalkofnsvegi frá Geirsgötu að Hverfisgötu.
Geirsgötu frá gangbrautarljósum vestan Steinbryggju/Austurbakka að Kalkofnsvegi.
Lækjargötu frá Hverfisgötu að gangbraut við norðvesturhorn Miðbæjarskóla.
Hverfisgötu frá Ingólfsstræti að Lækjargötu.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 13. september 2018.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.